Hluthafi í HB Granda hefur nú lagt fram tillögu um að gerð verði fjórða óháða verðmatið á Ögurvík aðallega í ljósi þess að aðaleigandi ÚR er forstjóri HB Granda og stærsti hluthafinn. Þessi tillaga sýnir að ekki hefur tekist að eyða öllum efasemdum um að viðskiptin séu gerð á grundvelli armslengdarsjónarmiða.

Í ljósi reynslu, þekkingu og kunnáttu ÚR á minnihlutavernd, deilum hluthafa og einlægum vilja forsvarsmanna ÚR um að starfa í sátt, samlyndi og án átaka við aðra hlutahafa í þeim félögum sem ÚR er hluthafi í, er það vilji ÚR að það verið ekki farið í viðskiptin með Ögurvík að þessu sinni.

ÚR telur það ekki skynsamlegt að knýja viðskiptin í gegn á þessum tímapunkti gegn efasemdum (vilja) eins af stærri hluthöfum í HB Granda.

Virðingarfyllst

Runólfur Viðar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri ÚR